



Kennari/ar: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍP

Lýsing

Í áfanganum er fjallað um líkamlega og geðrænna sjúkdóma og latneskt nafngiftakerfi sjúkdóma. Fjallað er um hugtök og sjúkdóma sem tengjast innkirtlakerfi, hjarta-og æðakerfi, öndunarfærum, meltingarfærum, þvag- og æxlunarkerfi. Áhættuþættir, einkenni, orsakir, afleiðingar og meðferðarmöguleikar algengra sjúkdóma í fyrrnefndum líkamskerfum eru teknir til umfjöllunar. Algengum geðröskunum eru gerð skil og fjallað um forvarnir, einkenni og meðferð geðraskana. Skoðuð eru tengsl umhverfis, erfða og áhættuþátta við sjúkdómsþróun þar sem við á.

Forkröfur: SJÚK2MS05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- algengum fræðilegum hugtökum sem tengjast efni áfangans
- meingerðum, einkennum, orsökum, afleiðingum, forvörnum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í innkirtlum, hjarta og æðakerfi, öndunarfærum, meltingarfærum, þvag- og æxlunarkerfi
- einkennum, orsökum, forvörnum og meðferðarmöguleikum algengra geðraskana
- tengslum sjúkdómsþróunar og truflana á samvægisferlum í líkama
- tengslum sjúkdómsþróunar við umhverfis og áhættuþætti
- fjölbreyttum miðlum til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdómafræði.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans
- gera grein fyrir meingerðum, einkennum, orsökum, afleiðingum, forvörnum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í innkirtlum, hjarta og æðakerfi, öndunarfærum, meltingarfærum, þvag- og æxlunarkerfi
- bera saman einkenni, orsakir, forvarnir og meðferðarmöguleika algengra geðraskana
- benda á tengsl sjúkdómsþróunar og truflana á samvægisferlum í líkama

- benda á tengsl sjúkdóma við umhverfis og erfðapætti
- nota fjölbreytta miðla til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdómafræði

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra meingerð, einkenni, orsakir, afleiðingar, forvarnir og meðferðarmöguleika algengra sjúkdóma í innkirtlum, hjarta og æðakerfi, öndunarfærum, meltingarfærum, þvag- og æxlunarkerfi
- rekja tengsl sjúkdóma og umhverfis og erfðapátta, þar sem við á
- miðla þekkingu um sjúkdóma í innkirtlakerfi, hjarta og æðakerfi, öndunarfærum, meltingarfærum, þvag- og æxlunarkerfi auk geðraskana á fjölbreyttan og skapandi hátt.
- bera kennsl á algeng einkenni sjúkdóma og/eða frávik frá eðlilegu ástandi
- tengja sjúkdómseinkenni og sjúkdómsástand
- yfirfæra og nýta þekkingu í sjúkdómafræði í starfi.

Námsefni: Farið verður yfir 8-13 kafla á þessari önn.

Námsmat: Vetrarvinna 30% - nemandi þarf að skila 90% af öllum verkefnum sem sett eru fyrir, á tilsettum tíma, til að fá próftökurétt.

Lokapróf 70%

Kennari áskilur sér rétt til breytinga.

